



HÁRG2FB03(DH)

Hárgreiðsla 1

Kennsluáætlun – vorönn 2022

Fjölbrautaskóli Suðurlands

**Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir**

[earnaarna@fsu.is](mailto:earnaarna@fsu.is)

**Áfangalýsing:** Nemandi þjálfast í að hanna og útfæra hárgreiðslur miðað við mismunandi hárlengdir sem hæfa viðskiptavini við ýmis tækifæri, bæði dag- og kvöldgreiðslur með hjálp verklýsinga, hitajárna og mótunarvara. Nemandinn kynnist mismunandi tímabilum í sögu hárgreiðslu og lærir að útfæra greiðslur eftir ljósmyndum auk þess sem samfélagsmiðlar eru notaðir til hugmyndarvinnu. Verkefnið unnin á æfingarhöfuð og módel.

**Markmið áfangans:**

**Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- ýmsu upprúlli og úrgreiðslum miðað við fyrirhugaða útkomu.
- mismunandi stíl og stílbrigðum á hárgreiðslum.
- áhöldum og efnum sem notuð eru við hárgreiðslur.

**Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- útfæra greiðslur í mismunandi hárlengdir.
- móta hár með rúllum, járnum, nálum og klípum.
- nota viðeigandi hárskraut.
- útfæra mismunandi bylgju- og tímabilagreiðslur.
- móta blautbylgjur í mismunandi útfærslum.
- nota samfélagsmiðla til hugmyndarvinnu og kynninga.
- vinna samkvæmt verklýsingu.

• **Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- útfæra ólíkar greiðslur fyrir mismunandi hárgerðir og –lengdir.
- nota verklýsingar sem hjálpartæki í hárgreiðslu.
- kynna hugmyndir sínar á ýmsa vegu
- ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.

**Námsmat** Símat